

1938. Þegar af þeirri ástæðu, að í máli þessu er ekki deilt um skilning á skriflegum sammingsákvæðum, verður að telja, að ekki sé um ágreining um kjarasamning að ræða í skilningi laganna frá 1986 og að Félagsdómur eigi þess vegna ekki lögsögu í málinu.

Hinn kærði frávisunardómur verður því staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði dómur er staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 10. júlí 1992.

Nr. 7/1992.

Hið íslenska kennarafélag

(Viðar Már Matthíasson hrl.)

gegn

fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs

(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.).

Kjarasamningur. Kennarar. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Björn Helgason, Ingibjörg Benediksdóttir, Valtýr Sigurðsson og Þorsteinn A. Jónsson.

Málið, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi fyrr í dag, er höfðað með stefnu birtri 18. júní sl.

Stefnandi er Hið íslenska kennarafélag, Lágmúla 7, Reykjavík.

Stefndi er fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að viðurkennt verði, að þeir félagsmenn stefnanda, sem eru kennarar við framhaldsskóla í Reykjavík á föstum mánaðarlaunum og taka að sér kennslu við sumarskóla Fjölnis.

brautaskólans í Breiðholti, eigi rétt til greiðslna samkvæmt reglum kjarasamnings aðila ásamt viðaukum og bókunum við hann.

Stefnandi krefst og málskostnaðar, þar sem tekið verði tillit til virðisaukaskattskyldu.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar.

I.

Stefnandi kveður mál þetta rekið vegna ágreinings milli hans og launaskrifstofu stefnda um það, með hvaða hætti eigi að greiða laun fyrir kennslu við svonefndan „sumarskóla“ Fjölbrautaskólans í Breiðholti. Dómkrafa hans í málinu lúti einungis að spurningunni, hvort reglur kjarasamnings aðila skuli gilda um þessar greiðslur eða ekki. Hann kveður heimilt skv. 3. tl. 26. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna að fá úrlausn Félagsdóms um ágreiningsefnið.

Stefnandi kveður málavexti þá, að Fjölbrautaskólinn í Breiðholti sé ríkisstofnun, og hafi skólinn starfað allt frá árinu 1975. Við skólann hafi starfað öldungadeild frá 1981. Skólinn starfi nú á grundvelli laga 57/1988 um framhaldsskóla. Fjölbrautaskólinn í Breiðholti hafi, fyrstur framhaldsskóla á landinu, tekið upp innan skólans rekstur svokallaðs sumarskóla eða sumarnámskeiðs. Tilgangur þessa sumarskóla hafi verið sá að gefa nemendum í skólanum eða eftir atvikum nemendum í öðrum framhaldsskólum kost á því að taka nám í áföngum í framhaldsskóla, sem þeir hefðu ekki talið rétt að taka á reglulegum skólatíma, svo og að gefa þeim nemendum, sem þess óska, kost á að flýta fyrir sér í námi. Enda eru áfangar í þessu námi hinir sömu og í framhaldsskólakerfinu ella, og fá því nemendur námið metið, hvort sem það er við þennan tiltekna skóla, Fjölbrautaskólann í Breiðholti, eða aðra framhaldsskóla.

Skólameistari Fjölbrautaskólans í Breiðholti hafi sótt til menntamálaráðuneytisins um leyfi til að reka „sumarskóla“ innan skólans, og hafi það leyfi verið veitt fyrst í maí 1990, og hafi verið kennt í fyrsta sinn það sumar. Leyfi menntamálaráðuneytis hafi verið bundið skilyrðum, m.a. því skilyrði, að kennurum yrði greitt í samræmi við kjarasamninga. Var erindið áður borið undir formann stefnanda, og taldi hann rétt að veita leyfið, enda yrði þetta skilyrði sett.

Stefnandi kveður skólameistara hafa leitað eftir því við kennara í skólanum, að þeir kenndu við „sumarskólann“, og hafi flestir

kennarar við „sumarskólann“ verið þaðan, enda kennslan hluti af starfi skólans og á faglega og stjórnunarlega ábyrgð fyrirsvaramanna hans, og hafi kennslan eðlilega farið fram í húsakynnum hans. Stefnandi var mjög hlyntur þeirri tilraun, sem þarna var gerð, sem og öðrum nýjungum, sem til bóta kunna að vera í skólastarfi, en afstaða hans byggðist þó algerlega á því, að farið væri í launagreiðslum eftir þeim reglum, sem kjarasamningar segðu til um. Þegar stefnanda varð ljóst, að stefndi hagaði ekki launagreiðslum í samræmi við kjarasamninga, hafði hann uppi mótmæli, og ágreiningur var milli hans og launaskrifstofu stefnda um tilhögun launagreiðslanna, þ.e., hvort fara ætti eftir kjarasamningnum eða hvort stefndi gæti einhliða ákveðið launin, óháð því, hvort þeir kennarar, sem kennslunni sinntu, hafi verið stundakennarar á tímataxta á skólaárinu og því ekki félagsmenn í HÍK eða fastir kennarar skólans eða við aðra framhaldsskóla.

Stefnandi kveðst oftsinnis hafa reynt að fá leiðréttingu hjá stefnda á greiðslum til félagsmanna sinna fyrir umrædda kennslu, en það hafi ekki tekist. Stefndi hafi haft þann háttinn á að krefjast þess, að gerðir yrðu sérstakir ráðningarsamningar við þá kennara, sem kenndu við sumarskólann. Á þeim ráðningarsamningum hafi Fjölbrautaskólinn í Breiðholti verið talinn vinnuveitandi, en það sé einungis til málamynda, enda hafi launaskrifstofa stefnda greitt launin og ákvarðanir um fjárhæð launanna verið teknar af launaskrifstofu stefnda. Þá sé ljóst, að launagreiðandi sé stefndi og á honum hvíli hinar hefðbundnu skyldur vinnuveitanda, enda umræddir kennarar starfsmenn hans og þessi kennsla einungis hluti af starfi þeirra.

Fyrri hluta árs 1991 hafi fyrst verið upplýst í smáatriðum, hvernig greiðslurnar hafi verið fundnar út, og hafi það verið gert þannig, að greitt hafi verið eftir stundakennarataxta með öldungadeildarálagi, en skipulag kennslunar og framvinda er eins og er í öldunga-deildum.

Í árslok 1991 hafi Fjölbrautaskólinn í Breiðholti leitað eftir því við menntamálaráðherra að fá leyfi til þess að reka „sumarskóla“ við skólann á árinu 1992. Menntamálaráðuneytið hafi veitt þetta leyfi enn sem fyrr, m.a. með því skilyrði, að kennurum yrðu greidd laun í samræmi við kjarasamninga. Stefnandi kveðst enn hafa gert ítrekaðar tilraunir til þess að fá stefnda til þess að viðurkenna, að

greiða bæri fyrir kennslu þessa samkvæmt kjarasamningum. Stefnandi kveður „sumarskóla“ Fjölbrautaskólans í Breiðholti hafa verið auglýstan í fjölmiðlum, og hafi skráning farið fram frá 13. - 15. maí sl. og 19. sama mánaðar. Kennsla hafi staðið frá 25. maí 1992 til 24. júní s.á.

Stefnandi kveður óþolandi, að stefndi geti einhliða ákveðið kaup og kjör þeirra félagsmanna stefnanda, sem sinna kennslu við „sumarskólann“, og geri það með þeim hætti, að kjörin séu mun lakari en leiða myndi af kjarasamningi.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi kveðst byggja á því, að starfsemi „sumarskóla“ Fjölbrautaskólans í Breiðholti sé hluti af starfsemi skólans og verði ekki frá honum skilin, enda engin heimild í lögum til þess að setja á fót sérstaka stofnun, en áskilið er í 2. gr. laga um framhaldsskóla nr. 57/1988, að samþykki Alþingis þurfi til. Kveður stefnandi, að til slíks þurfi að vera sérstök lagaheimild eða samningur, sbr. 3. gr. laga um framhaldsskóla.

Stefnandi kveður, að við „sumarskólann“ séu kenndir áfangar samkvæmt námskrá framhaldsskóla, og þar kenni sömu kennarar og kenna við Fjölbrautaskólann í Breiðholti, námsefni sé hið sama og prófkröfur þær sömu, enda sé tilgangur „sumarskólans“ að gefa nemendum kost á að flýta fyrir sér í námi eða taka áfanga, sem þeir hafa ekki náð fullnægjandi árangri í eða viljað sleppa til að geta einbeitt sér sérstaklega utan hins reglulega náms. Afstaða menntamálaráðuneytisins sé sú, að námið í „sumarskólanum“ sé jafngilt öðru námi og nemendur fái þetta nám að fullu metið við aðra framhaldsskóla.

Í ljósi framanritaðs kveður stefnandi, að stefnda beri að fara eftir kjarasamningum við launagreiðslur fyrir slíka kennslu. Stefnandi telur, að sú háttsemi stefnda að láta gera sérstaka ráðningarsamninga við eitthvað af þeim kennurum, sem kenndu við „sumarskólann“, geti ekki skapað honum neinn rétt. Telur stefnandi slíka ráðningarsamninga og einhliða ákvörðun stefnda á greiðslu launa andstæða fyrirmælum 24. gr. laga nr. 94/1986, sbr. og 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launþega og skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Einstökum mönnum sé og óheimilt að gera samninga, sem fara í bága við fyrirmæli laga opinbers réttar eðlis.

Stefndi byggir á því, að sumarnámskeið við Fjölbrautaskólann í Breiðholti sé sjálfstæð starfsemi og ekki beint framhald af reglu-bundnu skólastarfi þar.

Allt reglulegt skólastarf á framhaldsskólastigi sé grundvallað á þeirri reglu, sem kemur fram í 31. gr. laga nr. 57/1988 um framhalds-skóla, að starfstíminn sé níu mánuðir, og við það eru kjarasamningar málsaðila miðaðir. Námskeið þau, er hér um ræðir, eru haldin í júní-mánuði, þegar kennarar hafa lokið tilskildum vinnutíma sínum innan skólaársins, og stefndi hefur aldrei viðurkennt, að kjarasamningur aðila tæki til vinnu utan þessa níu mánaða tímabils.

Reglur þær, sem settar eru í 31. gr. laga nr. 57/1988 um árlegan starfstíma kennara, eru nánar útfærðar í kjarasamningi aðila, en í honum segir m.a. svo:

„2.1.5.1. Árlegur starfstími skóla er 9 almanaksmánuðir, og er þá miðað við, að á því tímabili séu kennsla, próf og önnur störf, að frátöldum leyfum skv. reglugerð, 34 vikur samtals. Um lengdan starfstíma skóla, sjá 2.7.12.“

„2.1.7.1. Vinnutími kennara í fullu starfi skal vera 40 klukkustundir á viku til jafnaðar yfir árið.“

„2.1.7.2. Árlegan vinnutíma við kennslu í bóklegum greinum í skóla með 9 mánaða starfstíma innir kennari svo af hendi:

1. Með viðverutíma, þ.e. kennslu og öðrum störfum í skólanum í 28 klukkustundir á viku á árlegum starfstíma skólans.

2. Með undirbúningi undir kennslu í 20 klukkustundir utan árlegs starfstíma skólans.

3. Með undirbúningi undir kennslu í samtals 153 klukkustundir utan árlegs starfstíma skólans.“

Með þessu móti telst árlegur vinnutími kennara vera sambærilegur við vinnutíma annarra opinberra starfsmanna eða sem næst 1800 klst. á ári.

Það er hins vegar ljóst, að vinnuskylda kennara er allt önnur en annarra opinberra starfsmanna utan þeirra níu mánaða, sem raunverulegur starfstími þeirra tekur til. Alkunna er, að á þessu þriggja mánaða tímabili, sem fellur utan eiginlegs starfstíma þeirra, sækja kennarar í margvísleg störf, sem ekki falla undir kjarasamning stefnanda. Þar má sem dæmi nefna, að algengt er, að þeir séu ráðnir í önnur störf hjá hinu opinbera, svo sem til lögreglustarfa,

sumir taka að sér sérstök verkefni í menntamálaráðuneyti eða Námsgagnastofnun, og í raun geta hér komið til greina hvers konar störf, sem vera skal, en í engum þessum tilvikum fá kennarar greitt samkvæmt kjarasamningi sínum við stefnda. Hafa slíkar ráðningar verið látnar afskiptalausar af hálfu stefnda, jafnvel þótt þær kunnir í sumum tilvikum að fara í bága við lög nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Í öðrum tilvikum geta slík störf fallið að ákvæðum laganna, og er þar minnt á 34. gr., en þar segir svo: „Heimilt er að fela starfsmanni að vinna fyrir sanngjarnt endurgjald aukastörf í þágu ríkisins, enda valdi það ekki vanrækslu á þeim störfum, er stöðu hans fylgja.“

Sumarnámskeið við Fjölbrautaskólann í Breiðholti er sjálfstæð starfsemi, sem fram fer utan hefðbundins skólatíma. Menntamálaráðuneytið hefur veitt sérstakt starfsleyfi til þess, að námskeið þessi séu haldin, væntanlega með heimild í 36. gr. laga nr. 57/1988, og sett fyrir því þau skilyrði, að námskeiðagjöld skyldu standa undir kostnaði og að kennurum yrðu greidd laun í samræmi við kjarasamninga.

Námskeiðahald þetta skilur sig frá hinu eiginlega skólastarfi í því, að það er, eins og áður greinir, haldið utan reglulegs skólatíma, menn greiða gjald, sem ætlast er til, að standi undir kostnaði af námskeiðahaldinu og gerir það, að því er virðist, kennarar eru ekki skyldir til að taka að sér þessi störf, og þeir, sem starfa við Fjölbrautaskólann í Breiðholti, hafa þar heldur engan forgangsrétt umfram aðra kennara við framhaldsskóla í Reykjavík. Stefndi telur því, að hér sé um að ræða aukastarf í skilningi 34. gr. laga nr. 38/1951, er falli utan þess kjarasamnings, sem gildir milli aðila.

Það undirstrikar sérstöðu þessarar starfsemi og sjálfstæði þessa skólalahalds, að frá upphafi hefur verið talið skylt að sækja um leyfi til þess, en það væri óþarft, ef líta bæri á þetta sem þátt í reglulegri starfsemi Fjölbrautaskólans í Breiðholti. Menntamálaráðuneytið hefur sett að skilyrði, að laun skuli greidd í samræmi við kjarasamninga. Stefndi telur sig hafa fullnægt þessu skilyrði með því að greiða skv. taxa, sem tekur mið af kjarasamningi aðila. Stefndi telur, að um launagreiðslur til kennara, sem sinna þarna kennslu, gildi enginn samningur, og er í því sambandi minnt á, að þegar stofnað var til kennslu í svonefndum öldungadeildum við framhaldsskóla, þótti nauðsynlegt að gera um launagreiðslur sérstakan

samning, og fer sú starfsemi þó fram innan hins reglulega skóla-tíma, þ.e. september - maí.

Stefndi mótmælir þeirri niðurstöðu stefnanda, að sjálfgefið sé, að hér gildi sömu reglur og um greiðslur fyrir kennslu í öldunga-deildum. Ef dómur gengur stefnanda í vil, verða aðilar að koma sér saman um nánari útfærslu á honum við þær sérstöku aðstæður, sem hér er fyrir hendi, enda taki núverandi kjarasamningur ekki til þeirra aðstæðna. Stefndi hefur ákveðið þau kjör, sem þarna gilda, með sama hætti og gert er í fjölda tilvika, þar sem vinna ríkisstarfsmanna fellur utan hefðbundinna starfa þeirra, þ.e. laun eru greidd samkvæmt töxtum, sem eru grundvallaðir á kjarasamningum, en útfærðir einhliða af fjármálaráðuneyti. Ráðningarsamningar eru gerðir við hvern einstakling, sem tekur að sér störf, sem enginn kjarasamningur gildir um. Það fer hvorki í bág við ákvæði 24. gr. laga nr. 94/1986 né laga nr. 55/1988.

Stefndi bendir á, að hér sé eiginlega um hagsmunaágreining að ræða, en ekki túlkun á kjarasamningi, en það varði ex officio frá-vísun.

III.

Niðurstaða.

Sumarskóli hefur verið starfræktur við Fjölbrautaskólann í Breiðholti árin 1990 - 1992 að fengnu sérstöku leyfi menntamálaráðuneytisins.

Í leyfisbréfum ráðuneytisins hafa ávallt verið sett þrjú skilyrði fyrir starfsrækslu hans, í fyrsta lagi skilyrði um lágmarksfjölda nemenda og lágmarksfjölda í hverjum námshópi, í öðru lagi, að námskeiðsgjöld standi undir kostnaði að mestu leyti, og í þriðja lagi, að kennurum verði greidd laun í samræmi við kjarasamninga. Í bréfunum kemur ekki fram, á hvaða lagaheimild leyfið byggist.

Sumarskólinn hefur starfað, eftir að árlegri 9 mánaða starfsemi fjölbrautaskólans lýkur. Í málinu er óumdeilt, að í sumarskólanum hafa verið kenndar nokkrar af þeim námsgreinum, sem almennt eru kenndar í dagskóla og öldungadeild skólans, og að námsefni og prófkröfur séu þær sömu. Þá er komið fram, að nemendur, sem stundað hafa nám í sumarskólanum, eiga rétt á að fá nám sitt að fullu metið við flutning á milli skóla.

Þeir kennarar, sem kennt hafa við sumarskólann, starfa sem kennarar við dagskólann og hafa auk þess kennt við öldungadeild-

ina. Vegna vinnu sinnar við kennslu í sumarskólanum hafa þeir gert sérstakan ráðningarsamning við skólann, sem nefndur er „Ráðningarsamningur stundakennara/leiðbeinanda“. Sú ráðstöfun var gerð að undirlagi stefnda, sem ákvað síðan laun kennaranna einhliða.

Í 4. gr. laga um skólakerfi nr. 55/1974 er fjallað um framhaldsskóla. Þar segir, að framhaldsskólar séu tveggja til fjögurra ára skólar, sem greinist í námsbrautir, eftir því sem þörf krefur. Þá segir í ákvæðinu, að um sérskóla og aðra skóla á framhaldsskólastigi segi í lögum þeirra og reglugerðum.

Í 1. mgr. 1. gr. laga um framhaldsskóla nr. 57/1988 segir, að þau lög taki til náms á framhaldsskólastigi, og í ákvæðinu eru framhaldsskólar taldir menntaskólar, fjölbrautaskólar, iðnfræðsluskólar svo og skólar, sem veiti sérhæft nám á framhaldsskólastigi auk framhaldsdeilda við grunnskóla, sem menntamálaráðuneytið hafi eða muni heimila. Í 2. mgr. sömu greinar er gert ráð fyrir, að sérstök reglugerð sé sett um sérskóla, sem starfi samkvæmt lögnum, og í 3. gr. laganna kemur fram, að ríki eða sveitarfélög geti haft frumkvæði að stofnun nýs framhaldsskóla, en til þess þurfi samþykki Alþingis.

Um sumarskólann við Fjölbrautaskólann í Breiðholti hafa hvorki verið sett lög né reglugerð, og hann hefur ekki verið settur á fót með þeim hætti, sem gert er ráð fyrir í 3. gr. laga um framhaldsskóla.

Í 31. gr. laganna kemur fram, að árlegur starfstími framhaldsskóla skuli eigi vera skemmri en 9 mánuðir. Ákvæðið útilokar ekki, að reglubundið skólastarf í framhaldsskólum geti verið lengra en 9 mánuðir, og í kjarasamningi aðila eru ákvæði um, hvornig reikna eigi vikulega kennsluskyldu kennara, starfi skólinn lengur en þann tíma.

Samkvæmt 2. ml. 35. gr. sömu laga er framhaldsskólum heimilt að stofna til sérstakra námskeiða, þar á meðal kvöldskóla (öldungadeilda), fyrir fólk, sem hentar ekki að sækja reglubundna kennslu í skóla, en æskir að ljúka námi hliðstæðu því, sem í boði er á námsbrautum hans. Í 3. ml. segir, að fyrir slíka kennslu skuli nemendur greiða kennslugjald, sem svari til sem næst þriðjungs kennslulauna. Þá segir í 4. ml., að nánari ákvæði um þessa starfsemi skuli sett í reglugerð.

Samkvæmt 1. mgr. 36. gr. sömu laga er framhaldsskólum heimilt

að bjóða fram annars konar nám en 35. gr. tekur til og efna til endurmenntunarnáms, m.a. í samráði við faggreinafélög, stéttarfélag, atvinnurekendur eða aðra hagsmuna- eða áhugahópa. Í 2. mgr. sömu greinar segir, að námsgjöld miðist við, að nemendur greiði a.m.k. þriðjung kennslulauna og að í slíku námi sé kostnaðarhlutdeild ríkissjóðs háð samþykki menntamálaráðuneytisins.

Miðað við námsefni og námstilhögun og það, hvaða réttindi nám úr honum veitir, verður að telja, að sumarskólinn sé rekinn á grundvelli ákvæða í 2. ml. 35. gr. laga um fjölbrautskóla, en kostnaðarhlutdeild nemenda virðist ákvörðuð á grundvelli 2. mgr. 36. gr. sömu laga.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, verður ekki fallist á þau sjónarmið stefnda, að sumarskólinn sé sjálfstæð starfsemi, heldur verður talið, að hér sé um að ræða hluta af starfsemi Fjölbrautaskólans í Breiðholti.

Samkvæmt 24. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986 er ákvæði í ráðningarsamningi ógilt, ef það fer í bága við kjarasamning stéttarfélags starfsmanns samkvæmt lögnum starfsmanni í óhag.

Ber samkvæmt framansögðu að taka kröfu stefnanda til greina.

Eftir þessari niðurstöðu er rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 125.000. Hefur þá verið litið til virðisaukaskattsskyldu málf lutningsþóknunar.

D ó m s o r ð:

Þeir félagsmenn stefnanda, Hins íslenska kennarafélags, sem eru kennarar við framhaldsskóla í Reykjavík á föstum mánadarlaunum og taka að sér kennslu við sumarskóla Fjölbrautaskólans í Breiðholti, eiga rétt til greiðslna samkvæmt reglum kjarasamnings fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Hins íslenska kennarafélags ásamt viðaukum og bókunum við hann.

Stefndi, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, greiði stefnanda kr. 125.000 í málskostnað.

S é r a t k v æ ð i
Björns Helgasonar.

Í kjarasamningi aðila máls þessa kemur fram sú meginregla, að árlegur starfstími skóla er 9 almanaksmánuðir. Sú starfsemi Fjölbrautaskólans í Breiðholti, sem hér um ræðir, fer fram utan þess tíma, þ.e. í júnímánuði, þegar kennarar hafa lokið tilskildum vinnutíma innan skólaársins.

Hér er um algert nýmæli að ræða, og er umrædd starfsemi um margt ólík eiginlegu skólastarfi, þar með talinni kennslu í öldunga-deildum. Kennarar við Fjölbrautaskólann í Breiðholti hafa engan forgangsrétt umfram aðra kennara við framhaldsskóla í Reykjavík til kennslu, og sumarnámskeiðin einskorðast ekki heldur við nemendur Fjölbrautaskólans í Breiðholti. Þá er og til þess að líta, að nemendur greiða gjald, sem er ætlast til, að standi að mestu undir kostnaði af námskeiðahaldinu.

Að öllu þessu athuguðu verður að fallast á þá skoðun stefnda, að sumarnámskeið við Fjölbrautaskólann í Breiðholti sé sjálfstæð starfsemi, en ekki beint framhald af reglubundnu skólastarfi þar, og engir kjarasamningar séu til um þessa starfsemi. Samkvæmt þessu ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Ég tel rétt, að málskostnaður falli niður
